



# PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **mars 2022** Efni þarf að berast í síðasta lagi **3.mars**




Frá Bókasafni Hrunamanna



## Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20  
Þriðjudaga Kl. 16-18  
Miðvikudaga Kl. 16-18  
Fimmtudaga Kl. 11-13



Minum á að Bókasafn Hrunamanna er aðildarsafn að Rafbókasafninu. Rafbókasafnið er bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka af öllu tagi, fyrir alla aldurshópa, á slóðinni [www.rafbokasafnid.is](http://www.rafbokasafnid.is). Hægt er að nálgast efnið í tölvum, spjaldröllum og snjallsímum.



Munið skilalúguna! Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku. Verið hjartanlega velkomin ☺


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.



## Sundlaugin á Flúðum.

### Vetraropnun:

Mánudaga til miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: LOKAÐ

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Febr 2022  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

32 árgangur.  
368 tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Febrúarmánuður er runninn upp og Þórrinn búinn að banka á dyrnar þó eiginleg þórrablót séu bókstaflega í frosti. Vetur konungur hefur aðeins minnt á sig og eitt er víst að aldrei eru tveir vetur eins á Íslandi. Það hefur því á ný reynt á snjómokstur en við höfum átt uppbyggjandi samtöl við Vegagerðina hvernig best og skynsamlegast sé að nýta þeirra og okkar úrræði þannig að ég vona að það bæti vetrarþjónustuna.

Varðandi vegamál þá er það líka að fréttu að Landsnet er tilbúið til að koma að viðhaldi á línuveginum á afréttinum og eru það góð tíðindi að þeirra ábyrgð stoppi ekki við Stóru-Laxá. Tengt þessu svæði þá eru viðræður við Landgræðsluna um að skoða hvort skynsamlegt sé að stækka landsgræðslugirðinguna en núverandi samningur við Landgræðsluna rennur út á þessu ári. Það er ljóst að kominn er tími á endurnýjun allra girðinga í landgræðslugirðingunni og jafnframt væri þá til skoðuar að stækka það svæði sem hægt væri að nýta til uppgræðslu með seyru. Þá eru einnig hugmyndir uppi um að skoða hvort hægt væri að koma upp birki-skógi á svæðinu og nýta og auglýsa sem kolefnisskóg.

Sveitarfélagið hefur hafið undirbúning að því að setja sér loftslagsstefnu sem er athyglisverð vinna. Það þarf nefnilega að gera kolefnisbókhald fyrir allar stofnanir sveitarfélagsins og í kjölfarið að gera aðgerðaráætlun um að draga úr loftslagsáhrifum stofnana sveitarfélagsins. Allt er þetta nú laga-skylda en loftslagsmálin eru jú stóra málið til framtíðar. Það mætti segja að þetta allt tengist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en sveitarfélagið er þátttakandi í greiningar-og undirbúningsvinnu á því hvort sveitarfélagið fari formlega í þann feril að innleiða heimsmarkmiðin.

Sveitarfélagið hefur samþykkt sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033 sem öll sveitarfélögin á suðvesturhorninu standa sameiginlega að. Það er ljóst að krefjandi tímar eru framundan í innleiðingu á breytingum í úrgangsmálum því með vorinu þurfum við að fara í fjöggra tunnu flokkun. Þá þarf um næstu áramót að gera miklar breytingar á gjaldskrár vegna úrgangsmála því sveitarfélaginu er skylt að málaflökkurinn standi undir sér. Það er til bóta að taprekstur á málaflökku er að minnka á milli ára en það er samt 8 milljóna tap á árinu 2021 sem þarf að bregðast við. Reglan á að vera sú að þeir borgi sem afsetja úrgang sem þó kann að vera flókið í opnu aðgengi eins og staðan er í dag.

Sveitarfélagið hefur sett sér húsnæðisáætlun 2022 og þar með uppfært eldri áætlun. Nú eru þetta samræmdar áætlanir sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun heldur utan um og þarf að uppfæra á hverju ári. Þetta er mjög til bóta því í þessu felast gagnlegar upplýsar um stöðuna og þarfir sem þarf að bregðast við.

Þessu tengt þá er vinna við breytingar á deiliskipulagi Byggða á Bríkum hafin en þar er einmitt verið að fjölga mjög kostum til að byggja rað- og parhús. Eins og staðan er núna þá er stefnt að að breyta skipulagi í þessa átt varðandi eina götu og vonandi er hægt að fara í framkvæmdir til að koma henni af stað á þessu ári samhliða því að vinna að heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins.

Þá hafa einnig verið þælingar með sumarhúsaland sveitarfélagsins í Ása-byggðinni. Búið er að meta aðeins þá möguleika sem þarf að spá í varðandi framtíðina hvort eigi að halda áfram áframhaldi lóðaleigu á svæðinu eða hvort eigi að bjóða lóðarhöfum að kaupa sínar lóðir og hlutdeild í sameign. Það þarf einnig að spá í deiliskipulagsmál á svæðinu þar sem KÍ hefur áhuga að fjölga sumarhúsum og þá þarf einnig að spá í vegatengingar upp á Högnastaðasás sem tengjast þessum málum.


Sveitarstjórn er búin að skipa ruslamálaráðherra fyrir árið 2022 og hnóssið hlaut Sigríður Steinunn Einarsdóttir þetta árið. Síðan er að finna dagsetningu fyrir þennan merka dag en eflaust verður fyrirkomulagið þannig að unnið verður með skólunum fyrir hádegi og eftir hádegi tekur gamli góði rusladagurinn við. Þá hefur einnig verið skipaður fulltrúi sveitarfélagsins í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það hann Bragi Viðar Gunnarsson sem tók verkið að sér auk þess sem Sigríð Lárusdóttir tók að sér að hlaupa í skarðið vegna forfalla þetta árið. Maður er alltaf þakklátur fyrir fólk sem vill taka þátt í svona samfélagslegum verkefnum sem er alveg ómetanlegt fyrir okkur hin.

Þá eru þau tíðindi í starfsmannamálum að Júlli Sveins er að láta af störfum sem fyrsti maðurinn í heiminum sem gegndi starfi umsjónarmanns hreinsibifreiðar í Uppsveitum með meiru. Vil ég þakka Júlla fyrir góð störf og áhuga á þessu frábæra verkefni.

Að lokum þá eru þau ánægjulegu tíðindi í loftinu að jafnvel verði hægt að halda hjónaball, en eitthvað seinna en venjan er, og getum þá vonandi í leiðinni sagt skilið við Coviddrauginn. Það verður örugglega mikil eftirvænting þegar nær dregur og stefnir í hjónaballsfyrirtíðarspennuárátturöskun!!!

Ég vil síðan óska öllum góðs þorra og góugleði.

Jón G. Valgeirsson



## Teiknistofan Hugmynd Hefur tekið til starfa

Hönnun og teikning raflagna og  
brunakerfa

Ráðgjöf varðandi rafmagn og  
raflagnir

Teikna hugmyndir viðskiptavina  
sem ekki eru byggingarleyfisskildar

Netfang: [flight@simnet.is](mailto:flight@simnet.is)

Sími: 699-0757

Heimili: Högnastíg 14  
845 Flúðir

# HUGMYND

### Eldri Hrunamenn!

Næsta opna hús verður í Félagsheimili Hrunamanna  
fimmtudaginn 17. febrúar næstkomandi kl: 14:00.

Sigurður H. Magnússon mun þá halda fræðsluerindi  
sem hann nefnir:

Jarðsaga, landmótun og gróður í Hrunamannahreppi.

Að erindi loknu verður kaffi og meðlæti til sölu.

Með góðri kveðju

Sigurður H. M.

Frá Félagi eldri Hrunamanna.

Nú ætlum við að byrja á ný með starfsemi okkar.

Það verður leikfimi í Íþróttahúsinu þriðjudaginn 8. febrúar kl. 14.

Og í kjallaranum byrjar starfsemi 9. febrúar.

Mætum nú öll og höfum gaman.

Kveðja, stjórnin

### **Atvinna**

#### **Áhaldahús Hrunamannahrepps**

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsmanni í 100% starf í áhaldahúsi Hrunamannahrepps. Meginstarfið felst í akstri og umsjón hreinsibifreiðar auk tengdra verkefna vegna hreinsunar á seyru í Uppsveitum og síðan almenn störf á vegum áhaldahússins. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi meirapróf og hafi reynslu vegna skráningar upplýsinga í tölvukerfi og meðferð vinnutækja. Laun og ráðningarkjör eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna og nánara samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða [jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is). Umsóknunum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 18. febrúar n.k.



S:S: FRÉTTIR.

Kæru sveitungar.

Síðastliðin 2 „veiru,, ár, hafa sett mark sitt á fjölda margt, í leik og starfi , okkar þjóðfélags. Eitt dæmi þar að lútandi, er niðurfelling haustfunda deildarstjóra S.S. Þess í stað eru samskipti með tölvupóstum. En nú er vonandi bjartari tíð framundan, með afléttingu hinna ýmsu hafta. Allavega er áformað, að halda deildafundi s.s. og verður einn slíkur á okkar svæði (Skeið, Gnúp og Hrunamannad) Í Þjórsárskóla 23 febr. nk. kl 20,30 og aðalfundur að Goðalandi í Fljótshlíð, 18. mars, nk. Bið ég ykkur að taka þetta til greina, og mun ég minna á þetta þegar nær dregur. Annars gengur rekstur félagsins, sinn vanagang, þó ýmiss ljón séu í veginum, eins og gengur. Batnandi tíð er þó í afsetningu nautgripa, og nánast enginn biðlisti , og þá er viðbótargreiðsla á afurðarverð síðasta árs, þakkarverð og ekki sjálfgefin. Mesta áhyggjuefni nú, er hækkandi verð á rekstrar-aðföngum, og þá einkum áburði, og ekki séð fyrir endann á því dæmi. Að endingu vil ég benda á heimasíðu S.S. sem flytur allar nýjustu fréttir, til félagsmanna.

Með kærri kveðju. Jóhanna Hrafnkelsstöðum

### *Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími .*

*Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00,  
Föstudaga: 09:00-12:00*

**Sími: 480-6600**



Hrunamannahreppur

### **Frá hjónaballsnefnd.**

Fyrirhuguðu hjónaballi sem halda átti 5..mars verður frestað vegna samkomutakmarkana sem áætlanir gera ráð fyrir.

Nánari upplýsingar koma síðar.



Hjónaballsnefnd 2021



## Flokkunarhornið.

*Minum á að nú styttest í að tekið verði  
upp fjögurra tunnu kerfi við heimili í  
sveitarfélaginu!*

*Ein tunna fyrir almennan úrgang, ein  
fyrir lífrænan úrgang, ein fyrir pappa og pappír og  
ein fyrir plast.*



## RORUM

Ramsóknir og ráðgjöf  
í umhverfis-  
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

## Heilsugæslustöðin Laugarási.

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá 8-15  
alla virka daga.**

**Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.**

**Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið  
að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf  
að liggja fyrir .**

**Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is**

# Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035

### **Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!**

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga,  
föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið  
aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa sam-  
band við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355



# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxl

## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

**Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.**



Hafðu samband  
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabíl 773-1626

# Nesfrakt

Í tilefni þess að í ár mun Heilsueflandi Uppsveitir vinna með þemað geðrækt, andleg líðan, félagsleg virkni þá erum við að fara af stað með forvarnarfyrirlestra. Við byrjum á að fá streymdan fyrirlestur frá Gleðiskruddunni sem ber heitið:



## **Gleðiskruddan-jákvæð sálfræði og gleðiverkfæri sem nýtast í daglegu lífi.**

Fyrirlesturinn er hannaður með foreldra og þá sem starfa með börnum/ungmennum í huga en einnig fyrir hvern og einn til að nýta í sínu daglegu lífi.

Á þessum krefjandi og oft erfiðu tímum vantar okkur bjargráð til að takast á við áskoranir og mótlæti. Það er því mikilvægt að allir fái tækifæri á því að kynnst jákvæðri sálfræði og hvernig nýta megi þessi inngrip sem við höfum ákveðið að kalla gleðiverkfæri til að vera betur í stakk búinn þegar þess þarf. Rannsóknir sýna að þegar við nýtum okkur þessi verkfæri þá eflum við sjálfsþekkingu og aukum hamingju okkar og vellíðan.

### **Í fyrirlestrinum verður m.a fjallað um:**

- Jákvæða sálfræði: hvað er jákvæð sálfræði
- Gleðiverkfæri: jákvæð inngrip
- Styrkleikar: hvað eru styrkleikar, hvernig getum við komið auga á þá hjá börnum og okkur sjálfum og nýtt þá á fjölbreyttan máta
- Hugarfar: gróskuhugarfar, hvernig við getum eft það og um leið aukið trú á eigin getu
- Seigla: hvernig byggjum við upp seiglu
- Sjálfsvinsemd

**Fyrirlesturinn er miðvikudagskvöldið 16. febrúar kl 20.15 og er í 60 mínútur.**

Hlekkur á fyrirlesturinn mun koma á fésbókarhópnum Heilsueflandi Uppsveitir. Bæði fyrir og eftir fyrirlesturinn mun Gleðiskruddan deila með okkur gleðifræjum á samfélagsmiðlunum okkar í uppsveitunum.

Eigendur Gleðiskruddunnar eru Yrja Kristinsdóttir og Marit Davíðsdóttir.

Yrja er með MA í uppeldis- og menntunarfræði, diplóma í djáknafræðum, diplóma í jákvæðri sálfræði og er markþjálf.

Marit er með diplóma í jákvæðri sálfræði og stundar meistaranám í uppeldis og menntunarfræði með áherslu á jákvæða sálfræði.

Frekari upplýsingar um Gleðiskrudduna er hægt að finna á [glediskruddan.is](http://glediskruddan.is).



# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háhelví 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi  
í síma 4-800-900 eða á [slokkvitaeki@babubabu.is](mailto:slokkvitaeki@babubabu.is)







## REKSTRARVÖRUR TIL HEIMILIS



Olíuvörur og allt fyrir dýrin....stór og smá!



 **LANDSTÓLPI**

 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi  
 480 5600

 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
 480 5610

 [www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)  
 [landstolpi@landstolpi.is](mailto:landstolpi@landstolpi.is)



Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

## Bílaverkstæði



Opið frá kl: 08:00-17:00

## Grænna land ehf.

Hellulagnir  
Áburðargjöf  
Beðahreinsun  
Garðsláttur  
Garðaúðun  
Gróðursetning trjáplanta  
Ráðgjöf um hönnun garða  
Trjáklippingar  
Þökulagnir  
Trjáplöntusala



---

Erla Björg Arnardóttir  
Garðyrkjufræðingur  
Sími: 858-3399  
[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)

---

**LYFJA SELFOSSI**  
**ÚTIBÚ LAUGARÁSI**  
**BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI**

**OPIÐ**

**10-16 mán - fim**

**Lokað fös - sun**



Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í síma

845-9816 Halyna.



**Fótaaðgerðastofa Öddu Siggú Miðfelli 2a**

Opið alla virka daga frá 8-16

Tímáptanir í s: 8676580



# Opið Miðvikudaga - Sunnudaga

11:30-17:30



Melum, Flúðum

[facebook.com/litlabaendabudin](https://facebook.com/litlabaendabudin)

2022

## Hrunamannahreppur

Janúar							Febrúar						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug
						1			1	2	3	4	5
2	3	4	5	6	7	8	6	7	8	9	10	11	12
9	10	11	12	13	14	15	13	14	15	16	17	18	19
16	17	18	19	20	21	22	20	21	22	23	24	25	26
23	24	25	26	27	28	29	27	28					
30	31												

Mars							Apríl						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug
6	7	8	9	10	11	12	3	4	5	6	7	8	9
13	14	15	16	17	18	19	10	11	12	13	14	15	16
20	21	22	23	24	25	26	17	18	19	20	21	22	23
27	28	29	30	31			24	25	26	27	28	29	30

Maí							Júní						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug
1	2	3	4	5	6	7				1	2	3	4
8	9	10	11	12	13	14	5	6	7	8	9	10	11
15	16	17	18	19	20	21	12	13	14	15	16	17	18
22	23	24	25	26	27	28	19	20	21	22	23	24	25
29	30	31					26	27	28	29	30		

Grátunna og lífrænt allur Neðri Hrunamannahreppi

Grátunna og lífrænt Efri Hrunamannahreppur

Blátunna allt svæðið

Rúllurplást

